

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Febrúar 2026

Aðild Íslands að NATO og ESB


NATO

Landsmenn eru hlynntari veru Íslands í NATO núna en í fyrra. Ríflega 78% eru hlynnt veru Íslands í NATO en tæplega einn af hverjum tíu andvígur. Hlutfall þeirra sem eru alfarið hlynntir henni hefur hækkað um rúmlega sex prósentustig frá því í fyrra. Mælingin var gerð eftir að Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti ítrekað yfir vilja sínum til að Bandaríkin eignuðust Grænland.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) veru Íslands í NATO?



■ Alfarið hlynnt(ur) ■ Mjög hlynnt(ur) ■ Frekar hlynnt(ur) ■ Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur) ■ Frekar andvíg(ur) ■ Mjög andvíg(ur) ■ Alfarið andvíg(ur)



■ Hlynnt(ur) ■ Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur) ■ Andvíg(ur)

Fólk milli fertugs og fimmtugs er jákvæðara gagnvart veru Íslands í NATO en yngra og eldra fólk.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynntari henni en íbúar landsbyggðarinnar. Fólk með meiri menntun en minni er frekar hlynnt henni og fólk með hærri fjölskyldutekjur frekar en fólk með lægri tekjur.

Þau sem kysu Viðreisn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru jákvæðust gagnvart veru Íslands í NATO en þau sem kysu annan flokk en þá sem eiga sæti á þingi eru neikvæðust gagnvart henni.

Greiningar

Aldur *

- 18-29 ára
- 30 - 39 ára
- 40 - 49 ára
- 50 - 59 ára
- 60 ára eða eldri

Búseta *

- Höfuðborgarsvæðið
- Landsbyggðin


Menntun *

- Grunnskólapróf
- Framhaldsskólapróf
- Háskólapróf

Fjölskyldutekjur *

- Lægri en 800 þúsund
- 800 til 1.249 þúsund
- 1.250 til 1.749 þúsund
- 1.750 þúsund eða hærri

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *




* Marktækur munur á milli hópa

ESB

Landsmenn eru aftur á móti andvígari því núna en í fyrra að Ísland gangi í Evrópusambandið. Rúmlega 42% eru hlynnt því og sama hutfall er andvígt því.

Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB)? *



Karlar eru andvígari því en konur að Ísland gangi í Evrópusambandið.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlynntari því en íbúar landsbyggðarinnar og fólk með meiri menntun en minni er sömuleiðis hlynntara því.

Þau sem kysu Viðreisn eða Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag eru helst hlynnt því að Ísland gangi í ESB en síst þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn.

Greiningar

Kyn *

Karlar
Konur

Búseta *

Höfuðborgarsvæðið
Landsbyggðin


Menntun *

Grunnskólapróf
Framhaldsskólapróf
Háskólapróf

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *

Viðreisn
Samfylkinguna
Flokk fólksins
Framsóknarflokkinn
Miðflokkinn
Sjálfstæðisflokkinn
Annar flokk/lista
Skila auðu/Myndi ekki kjósa
Óákveðin(n)

* Marktækur munur á milli hópa



Spurt var:

- Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) veru Íslands í NATO?
- Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland gangi í Evrópusambandið (ESB)?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 21. janúar - 2. febrúar 2026. Heildarúrtaksstærð var 1.672 og þátttökuhlutfall var 48,8%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghóls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.